


Reykjavík, 13. apríl 2023

Hlaðhamrar 52 Fyrirspurn til skipulagsfulltrúa

Lögð fram fyrirspurn skrifstofu framkvæmda og viðhalds, dags. 13. mars 2023, ásamt bréfi Urban arkitekta, dags. 8. mars 2023, um stækkun núverandi leikskólabyggingar á lóð nr. 52 við Hlaðhamra, samkvæmt uppr. Urban arkitekta 3. mars 2023.



AR2040



Deiliskipulag samþ. 16. apríl 1985

Skipulagsleg staða

Aðalskipulag

Í gildi er Aðalskipulag Reykjavíkur 2040 (AR2040). Samkvæmt AR2040 eru Hlaðhamrar 52 í skilgreindri íbúðarbyggð (ÍB48 Hamrar).

Deiliskipulag


Í gildi er deiliskipulag fyrir Hamrahverfi, samþykkt í borgarráði þann 16. apríl 1985 ásamt síðari breytingum.

Umsögn


Óskað er eftir afstöðu skipulagsfulltrúa til þess að stækka leikskólabyggingu á lóð nr. 52 við Hlaðhamra sbr. meðfylgjandi skissur.

Í gildandi deiliskipulagi eru ekki skilgreindir viðbyggingarreitir eða frekari byggingarheimildir á lóðinni og fyrirspurn rúmast því ekki innan gildandi skilmála.

Þess má geta að misræmi er milli deiliskipulagsuppráttar og þess leikskóla sem byggður var á lóðinni.



Loftmynd (júli 2022)



Skissa með fyrirspurn

Niðurstaða

Ekki er gerð skipulagsleg athugasemd við að umsækjandi láti vinna breytingu á deiliskipulagi, á eigin kostnað, til að bæta við heimild fyrir viðbyggingu við leikskóla.

F.h. skipulagsfulltrúa Reykjavíkur

Sólveig Sigurðardóttir
arkitekt / verkefnastjóri